

8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Tilgangur og markmið eru ljós• Þverfagleg samvinna og samstarf stofnana• Hlutverk starfsmanna í samstarfi	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinin fjallar um skilvirkni og áhrif samskipta skólans við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og aðrar stofnanir sem tengjast stuðningi við nemendur og ákvörðunum um hann. Hann beinir sjónum að því hvernig skólinn nýtir ráðgjöf, samráð og samstarf við aðra á styðjandi og áhrifaríkan hátt. Aðal íhugunarefnið er hversu árangursrík vinna skólans er í þverfaglegu samstarfi og hversu mikilvæg samvinna er talin vera við undirbúning, framkvæmd og mat á sameiginlegum verkefnum.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Við höfum árangursríkt samstarf sem gerir gæfumuninn varðandi gæði þess stuðnings sem nemendur fá. Það er ljóst á hverju við berum höfuðábyrgð og hvar við þurfum stuðning samstarfsaðila til að tryggja hagsmuni einstakra barna og ungmenna. Við höfum greinargott skipulag með viðeigandi markmiðum og árangursríkum verkferlum til að meta áhrif samstarfsins á einstaklinga og hópa. Starfsmönnum finnst markmið samstarfsins mikilvægt og þeir taka virkan þátt í því.• Tengsl okkar við aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðistofnanir og atvinnurekendur hafa eft námið, bætt árangur nemenda og gert aðstoð við nemendur og fjölskyldur þeirra markvissari. Starfsmenn vinna vel saman og með öðrum til að tryggja að þeir sem minnst mega sín fái góðan stuðning og þeirra þörfum á sviði náms og velferðar sé vel mætt við flutning milli skólastiga, skóla eða deilda. Við veitum virkan stuðning með því að starfa, þegar við á, með ýmsum stofnunum, atvinnulífi, heilbrigðisþjónustu, sérfræðiþjónustu skóla, félagsþjónustu og félagasamtökum. Starfsfólk vinnur með þessum samstarfsaðilum til að greina þarfir og auðga reynslu allra nemenda eða við að beina stuðningi að hópum og einstaklingum. Starfsmenn taka virkan þátt í verkefnum sem stýrt er af öðrum stofnunum.• Við gerum okkur vel grein fyrir hlutverkum okkar og ábyrgð og höfum góð tækifæri til að ræða við aðra og taka þátt í þjálfun með samstarfsaðilum. Samskipti okkar, mat, áætlanir, ígrundun, skráning og skýrslugerð eru skýr og gefa góða raun. Við veitum nemendum samþætta þjónustu í samstarfi við samstarfsaðila skólans, þar á meðal sveitarfélagið. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Samstarf um velferð barna og ungmenna er að hluta til gott en samstarf gæti verið meira við suma samstarfsaðila. Okkur skortir greinargóð markmið í samstarfi og leiðir til að meta árangur þess. Margir starfsmenn vinna saman af heilum hug en okkur skortir samkvæmni og samfellu í skólastarfinu í heild.• Tengsl okkar við aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðistofnanir og atvinnurekendur leiða ekki alltaf til bættis náms eða styðja þróun skólastarfs. Leiðir okkar í samstarfi virka vel sem stuðningur við sum börn og ungmenni en mæta ekki þörfum allra.• Við störfum með lögboðnum aðilum en gerum okkur ekki alltaf grein fyrir hlutverki og skyldum í samstarfinu. Veikleiki er í skipulagi okkar á samskiptum, mati, skipulagningu, endurskoðun, skráningu og skýrslugerð. Stundum er samstarf á þann veg að fjölbreyttir hæfileikar starfsmanna nýtast vel, en það kemur einnig fyrir að ekki sé unnið eftir sameiginlegum markmiðum og leiðum.	